



BÍLLAUSI DAGURINN

26 júní 2019

Góðan dag,

Bíllausi dagurinn vill leggja fram tillögu um gerð viðbragðsáætlunar um aukin loftgæði í kringum leikskóla í borginni. Áætlunin inniheldur ráðstafanir sem eiga að gilda innan svæðis kringum leikskóla þegar búist er við að styrkur svífryks fari yfir heilsuverndarmörk eða svokallaður „grár dagur“. Börn eru hluti af þeim hópi sem eru hvað viðkvæmastir fyrir áhrifum svífryks á heilsuna og því brýnt að veita þeim hópi vernd. Í dag þegar „grár dagur“ er í vændum hleypa leikskólakennarar börnum ekki út í frímínútur og fólk hvatt til þess að skilja bílinn eftir heima. Hins vegar með viðbragðsáætluninni viljum við snúa þessu við og skilgreina 400-500 m þynningarsvæði kringum leikskóla þar sem vélknúin ökutæki eru ekki leyfð í ákveðinn tíma.

Við viljum nota samgönguviku Evrópu til þess að prófa viðbragðsáætlun fyrir gráan dag í leikskólum. Í því felst að setja saman gátlista yfir það sem þarf að gera þegar grár dagur er í vændum og vera til ráðgjafar fyrir framkvæmd gátlistans. Einnig þarf að skilgreina nákvæmlega þynningarsvæðið hjá sérhverjum skóla, skilgreina hvar lokanir á götum þurfa að vera, hver skal loka þeim og á hvaða tíma dags. Bíllausi dagurinn mun einnig skipuleggja fræðslu í kringum lokanirnar svo að bæði foreldrar og starfsfólk sé vel upplýst um sitt hlutverk og verkefnið sjálf.

Tímabundnar lokanir fyrir bílaumferð í kringum leikskóla hafa verið í mörgum breskum borgum og hverfum; Croydon í London, Bristol, Glasgow og Edinborg með mjög góðum árangri. Þar er helstu aðliggjandi götum lokað í kringum skólana á hverjum morgni og síðdegis. Um er að ræða talsvert einfalda aðgerð þar sem skiltum er komið fyrir í kringum aðliggjandi götur og þeim lokað fyrir umferð bíla. Niðurstöður sýna ekki einungis stórbætt loftgæði heldur einnig mikla öryggisaukningu og jafnvel bættan námsárangur í einhverjum tilvikum. Heilt yfir virðist skuldragi foreldra dragast saman um allavega 20%.

Við viljum vinna með sveitarfélögunum og leik- og grunnskólastjórum sem vilja koma með að því að gera viðbragðsáætlun fyrir "gráa daga". Í samgönguvikunni þetta árið yrði þessi viðbragðsáætlun prófuð á þriðjudeginum 17. september og á fimmtudegi 19. september. Við leitum eftir skólastjórnendum í leikskólum sem vilja vera í samvinnu við okkur. Þetta bréf þarf að fara undir nefndir sem snúa að umhverfis- og skólamálum. Við óskum eftir að fá svar áður en júlí er liðinn. Viðbragðsáætlunin þarf að vera tilbúin til notkunar fyrir Evrópsku samgönguvikuna sem er 16. - 22. september 2019.



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND

Kær kveðja,

Forsvarsmenn Bíllausa dagsins:

Samtök um billausan lífstíl, billaus@billaus.is

Hjólaferni á Íslandi, hjolafaerni@hjolafaerni.is

Ungir Umhverfissinnar, umhverfissinnar@gmail.com

Grænni byggð, vb@graennibyggd.is